

**Efni:** Fundargerð í F.O.K.S 31.janúar 2007

Fundur í stjórn Foreldra og kennarafélags Síðuskóla 31. janúar 2007.

Á fundinum kom fram eftirfarandi:

--- Ákveðið var að stofna nýja reikninga, tékkareikning og bók í Kaupping banka og loka tékkareikning og bók í Sparisjóð Norðlendinga.

--- Herdís benti okkur á Árnúnu Magnúsdóttur leikskólakennara, sem heldur námskeið fyrir kennara/foreldra, hvernig hægt sé að sjá einkenni hjá börnum sem verða fyrir kynferðislegri áreitni, og bregðast rétt við.

--- Helga kynnti fyrir okkur Svæðaráð foreldra á Akureyri. Það er samstarfsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga og málsvari foreldra gunnskólanemenda í bænum. Í svæðaráðinu sitja formenn foreldraráða og formenn foreldrafélaga í grunnskólum Akureyrarbæjar. Svæðaráðið vinnur að sameiginlegum málefnum skólanna og gefur umsagnir um ýmis mál er varða skóla – og fjölskyldumál. Samstarfið gerir formönnum kleift að vera í nánú sambandi og fylgjast með því helsta sem fer fram í grunnskólunum. Einnig er ráðið yfirvöldum á staðnum til aðstoðar og ráðuneytis um skólamál.

--- Inn á borð til okkar kom auglýsing frá Speglinum, forvarna – og fræðslusamtaka um átröskunarsjúkdóma Anorxiu- og Bulimiu Nervosa ( Lystarstol og Lotugræðgi). Spegillinn hóf í haust forvarna- og fræðsluferð fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk í efstu deildum grunnskóla og í framhaldsskólum. Herferðin er unnin af forvarnarfulltrúum Spegilsins og sérfræðingi úr átröskunarteymi Landspítala Háskólasjúkrahúss.Heimasíða Spegilsins er [www.spegillinn.is](http://www.spegillinn.is)

--- Inneimta félagsgjalda hefur gengið vel. Um 90% hefur skilað sér.

--- Fræðslufundur foreldrafélaga grunnskóla Akureyrar verður 1. mars kl. 20:00 ekki er alveg búið að ákveða í hvaða skóla. Á fundinum verður fjallað um lesblindu og námsörðugleika. Nánar auglýst síðar.

--- Hugsanlega verður hin árlega vorhátíð Síðuskóla haldin þann 12. maí næstkomandi. Nánar auglýst síðar.

--- Á fundinn mættu Helga, Herdís, Vignir, Sigríður, Sigún og Guðríður.  
Fundaritari Guðríður.